

Fiðlutónlist á Stöng í Mývatnssveit 2. maí kl. 20:30 í anda baðstofutónleika Hermanns Benediktssonar.

Ólíkt kvöldum Hermanns verður ekki boðið upp á tónlist af hljómplötum, með leik Jascha Heifetz og Fritz Kreisler, heldur lifandi tónlist í flutningi fiðluleikaranna Hlífur Sigurjónsdóttur og Martins Frewer. Þau kalla sig DUO LANDON, í höfuðið á fiðlusmiðnum þeirra, Christophe Landon.

Flutt verða fiðludúó frá ýmsum tímum sem m.a. má finna á geisladiski þeirra *Íslensk fiðludúó*. Einnig verða frumfluttar útsetningar Martins á þrettán Suður-þingeyiskum danslögum, sem leikin voru á fiðlu við almennan dans í sveitinni á liðinni öld.
Páll H. Jónsson skráði laglínuna.

Tónleikarnir og kaffi eru í boði Ásmundar og Svölu á Stöng, og hægt er að nálgast aðrar veigar á barnum.

Lofað er góðri skemmtun við dillandi tóna tveggja fiðla á Stöng.

Hlíf Sigurjónsdóttir

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir
Sími: 464 4343, 866 0311
Netfang: myflugan@emax.is

14. tbl. 6. árg. miðvikudaginn 30. apríl 2014

Afmælisbörn dagana 1. maí — 7. maí 2014

1. Jón Dagur Héðinsson.
2. Emil Birgisson, Stefán Örn Kristjánsson.
3. Brynja Ingólfssdóttir, Marge Neissar.
4. Agnes J. M. Lebeauvin, Edda Stefánsdóttir, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Rósa Emelía Sigurjónsdóttir.
5. Guðrún Þórarinsdóttir, Karítas Líf Þórarinsdóttir.
6. Ellert Rúnar Finnbogason, Pétur Þórir Gunnarsson, Sigríður Stefánsdóttir.
7. Halldór Árnason.



Orlofsferð húsmæðra í Suður – Þingeyjarsýslu 2014.

**Farið verður til Riga í Lettlandi
dagana 25. - 28. október (laugardag – þriðjudag).**

Innifalið er flug frá Akureyri til Riga í Lettlandi,
gistin og morgunverður .

Umsóknir þurfa að berast undirrituðum fyrir 15. maí n.k.
Áætlað verð er 80.000 kr. á konu.

Rétt til orlofsferðar hafa konur sem staðið hafa fyrir heimili án launagreiðslu.
Ekki verður farið í ferðina nema lágmarksfjöldi verði náð.

Nánari upplýsingar veita:

Katý Bjarnadóttir, sími 864 0029, katybjarna@gmail.com
Rakel Matthíasdóttir, sími 895 0321, [srakel@simnet.is](mailto:s rakel@simnet.is)
Sigrún Marinósdóttir, sími 865 2011, sigrunmar@simnet.is

Frá Íþróttamiðstöð.

Íþróttamiðstöðin og sundlaugin verða lokuð 1. maí,
á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins.

Þó að framtíð sé falin,
grípum geirinn í hönd !
Því Internationalinn
mun tengja strönd við strönd.

Kveðja, starfsfólk





Útboð á skólaakstri.

Frá og með 25. ágúst. n.k. býður Skútustaðahreppur út akstur barna í grunnskólann. Aksturinn er boðinn út til þriggja ára.

Útboðsgögn, þ.e. leiðarlýsing, upplýsingar um fjölda barna og tilboðseyðublöð, liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps frá og með 30. apríl.

Tilboðum skal skilað á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn, fyrir kl. 14:00 fimmtudaginn 8. maí, en þá verða tilboðin opnuð.

Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 464 4163 á skrifstofutíma.

Sveitarstjóri Skútustaðahrepps.



Auglýsing frá kjörstjórn Skútustaðahrepps

Framboðsfrestur til sveitarstjórnarkosninga í Skútustaðahreppi rennur út laugardaginn 10. maí 2014, kl. 12.00 á hádegi.

Kjörstjórn tekur á móti framboðslistum þann dag frá kl. 11.00 til 12.00 á skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6.

Á framboðslista skulu vera að lágmarki 5 nöfn frambjóðenda og eigi fleiri en 10. Framboðslista fylgi yfirlýsing þeirra, sem á listanum eru, um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Hverjum lista skal fylgja skrifleg yfirlýsing 10 meðmælenda hið fæsta og eigi fleiri en 20. Hver kjósandi má einvörðungu mæla með einum lista við hverjar kosningar. Þá skal fylgja tilkynning um hverjir séu umboðsmenn listans og skulu þeir vera tveir.

Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega fullt nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu og heimili, til þess að enginn vafi geti leikið á hverjir eru í kjöri. Greina skal fullt nafn, kennitölu og heimilisfang hvers meðmælenda.

Nú kemur aðeins fram einn framboðslisti og skal þá kjörstjórn framlengja framboðsfrest um tvo sólarhringa. Komi ekki fram nýr framboðslisti áður en þeim fresti lýkur verður framkominn framboðslisti sjálfkjörinn.

28. apríl 2014

Kjörstjórn Skútustaðahrepps,

Finnur Baldursson (sign)

Friðrik Lange (sign)

Edda Stefánsdóttir (sign)

Mýflugan

Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.

Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.

1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.

Aðalfundur

Slysavarnardeildarinnar Hrings
verður haldinn í húsi félagsins að Múlavegi 2
miðvikudaginn 7. maí kl. 20:00.

Venjuleg aðalfundarstörf.
Önnur mál.

Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin.



Dósasöfnun.

Síðasta dósasöfnun vetrarins
verður hjá nemendum Reykjahlíðarskóla,
í dag, miðvikudag og á morgun, fimmtudaginn 1. maí.
Öll innkoma rennur í ferðasjóð nemenda.

Fólk er vinsamlega beðið um að setja dósapokana utan við
útidyrnar ef það vill gefa dósir/flöskur en þarf að fara að heiman.

Þökkum kærlega fyrir stuðninginn í vetur.
Nemendafélag Reykjahlíðarskóla.



Innritun í Tónlistarskóla Mývatnssveitar.

Forinnritun í Tónlistarskólann
fyrir veturinn 2014-2015 verður 2. - 6. maí.

Senda má umsóknir á netfangið soljon@ismennt.is
eða hringja í 464 4375-1.

Með því að innrita nú í vor er verið að kanna þörfina
fyrir kennslu næsta vetrar.

Sólveig Jónsdóttir

**Tækifærin eru eins og
sólskin -ef þú bíður of
lengi, þá gætir þú misst
af þeim...**

Góðan daginn!

www.spegill.is

Hjartamál og Hugadraumar.

Aðalfundur
Foreldrafélags skólanna í Mývatnssveit
verður miðvikudaginn 7. maí kl. 17:00 í Reykjahlíðarskóla.

Venjuleg aðalfundarmál.
Önnur mál.

Stjórnin.